

Reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Borgarbyggðar

1. Við birtingu á fundargerðum á vef Borgarbyggðar skulu jafnframt gerð aðgengileg þau gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi.
2. Gæta skal þess að birta ekki gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum. Þar geta verið um að ræða.
 - a. Gögn er varða tillögugerð eða viðræður við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga.
 - b. Gögn er tengjast dómsmáli eða athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
 - c. Gögn um upplýsingar um málefni starfsmanna.
 - d. Vinnugögn vegna undirbúnings ákvörðunar í máli.
 - e. Gögn er varða einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga og lögaðila.
 - f. Gögn er varða mikilvæga almannahagsmuni.
3. Heimilt er að veita ríkari aðgang að gögnum en mælt er fyrir um í 2. tl. en ávallt skal þess gætt að birta ekki gögn sem falla undir lagareglur um þagnarskyldu og persónuvernd.
4. Ákvörðun um birtingu gagna skal verða á ábyrgð þess aðila sem ritar fundargerð og annast birtingu hennar á vef Borgarbyggðar. Ef álitamál er um birtingu gagna með fundargerð skal sveitarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingarétti samkvæmt lögum.
5. Í þeim tilvikum sem óskað er eftir gögnum er varða tiltekið mál sem ekki hafa verið lögð fram á fundi eða fylgt fundarboði skal beiðni um slíkt berast skrifstofu Borgarbyggðar.
6. Reglur þessar eru settar með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og samþykktu um stjórn Borgarbyggðar nr. 884/2013

Samþykkt á fundi byggðarráðs 4.5.2016